

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún getur fengið menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur á hendi yfirumsjón með öllum störfum félagsins. Öllum er óheimilt að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki.

6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en fyrir apríllok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykktum þessum varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurhöfn,
nr. 21. 1. febrúar 1971.**

1. gr.

33. grein orðist þannig:

- a) Öll skip, sem ekki eru sérstaklega talin annars staðar, eða undanþegin greiðslu, skulu greiða lestagjald kr. 2.50 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip greiði kr. 1.25 á brúttórúmllest.
- c) Innlend fiskiskip greiði kr. 2.50 á brúttórúmllest þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 200.00 á brúttórúmllest þó aldrei minna en kr. 1 000.00.

Gjaldtagi er 1. apríl eða eftir að báturinn hefur verið gerður út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, skemmtiferðaskip og skip, sem gerð eru út til visindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

34. grein orðist þannig:

Bryggjugjöld.

- a) Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða bryggjugjald kr. 1.50 af hverri brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.
- b) Fiskiskip greiða gjald þetta eigi oftár en 10 sinnum á mánuði. Fiskiskip skráð í Reykjavík greiða hálf bryggjugjald.
- c) Lágmarksgjald er kr. 50.00 á sólarhring.
Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekkert bryggjugjald. Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Stafliður d) í 39. gr. orðist þannig:

Innlend skip greiða aðeins fullt gjald samkvæmt a-lið í fyrsta skipti er þau koma til hafnar á ári hverju, en $\frac{1}{2}$ gjald úr því.

4. gr.

Stafliður a) í 43. grein falli niður og breytist röð eftirfarandi stafliða í samræmi við það.

5. gr.

46. grein orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

1. flokkur.

Gjald kr. 40 fyrir hver 1000 kg:

Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni (meira en 100 t.) svo sem benzín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, sement, vikur.

2. flokkur.

Gjald kr. 70 fyrir hver 1000 kg:

Dungavarningur svo sem sekkjavörur, lítt unnar byggingavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, óunnið hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

3. flokkur.

Gjald kr. 150 fyrir hver 1000 kg:

Iðnaðar- og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvara, fatnaður.

4. flokkur.

Gjald kr. 400 fyrir hver 1000 kg:

- a) Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn.

- b) Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur.
- c) Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

5. flokkur.

Gjald kr. 35 fyrir hvern rúmmetra:
Timbur og annað eftir rúmmáli.

6. flokkur.

Gjald 1% af aflaverðmæti.

Sjávarafli lagður á land til vinnslu eða brottflutnings. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og ber ábyrgð á greiðslu þess til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess.

Aflagjald skal koma til framkvæmda í tveim áföngum þannig, að á árinu 1973 verði það 0.5% en frá 1.1. 1974 1%.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð, nr. 24 4. febrúar 1973, fyrir Akraneshöfn.

1. gr.

39. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðvöl í höfninni. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru her skip, skemmtiferðaskip, íslensk vitaskip og varðskip.

2. gr.

40. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Lestagjöld.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 3.00 á hverja brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip greiði kr. 1.50 á hverja brúttórúmllest.
- c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 3.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.